



## 120. fundur stjórnar SSV

---

Fundur haldinn í stjórn SSV, þriðjudaginn 6 október 2015 kl.18.00  
á Hótel Glym í Hvalfjarðarsveit.

Mætt voru: Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður, Rakel Óskarsdóttir, varaformaður, Valgarður Jónsson, Árni Hjörleifsson, Bjarki Þorsteinsson, Guðveig Eyglóardóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Kristín Björg Árnadóttir, Eyþór Garðarsson, Eggert Kjartansson, Sif Matthíasdóttir og Ása Helgadóttir sem sat fundinn í forföllum Björgvins Helgasonar. Einnig sátu fundinn Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri, Ólafur Sveinsson og Hrefna B. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

### Dagskrá

#### 1. Framlögð fundargerð frá 119 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 119. fundi stjórnar SSV til staðfestingar og undirritunar. Fundargerðin staðfest.

#### 2. Almenningsangangur

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsanganga á rekstrarsvæði SSV eftir fyrstu átta mánuði ársins. Fargjaldatekjur í ágúst mánuði eru með besta móti og bundnar vonir við að september mánuður verði einnig góður þar sem talsvert er um að erlendir ferðamenn noti þennan ferðamáta. Jafnframt var rætt um akstur einstakra fyrirtækja á akstursleiðum almenningsanganga á landsbyggðinni. Rætt um samskipti landshlutasamtaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga við innanríkisráðuneyti og vitnað til fundar samráðshóps um framkvæmd almenningsanganga, innanríkisráðuneytis, Vegagerðarinnar og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þar var rætt um rekstrarstöðu verkefnisins, einkaleyfið, kröfu um meiri þjónustu á leiðum sem eru kostnaðarsamar í rekstri o.fl. Rætt um einkaleyfið og hugsanlegt lögmæti þess.

#### 3. Fundur landshlutasamtaka

Lagt fram minnisblað frá fundi landshlutasamtaka sem fór fram 23 september s.l. Einnig var lagt fram minnisblað frá fundi landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 25. sept.

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað frá fundinum. Rætt var um málefni fatlaðra og farið yfir stöðuna í landshlutunum, en rekstur málaflokksins er mjög erfiður á flestum stöðum. Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, sat áður nefndan fund landshlutasamtakanna og fór yfir gang mála í viðræðum við



ríkið. Á allra næstu dögum kemur út skýrsla um verkefnið og reynt verður til þrautar að ná niðurstöðu í fjárveitingar ríkisins til verkefnisins fyrir áramót.

Einnig var rætt um Sóknaráætlun landshluta, fyrirhugaðar breytingar á samskiptum og fjárveitingum Ferðamálastofu til markaðsstofa landshlutanna sem fellur ágætlega að skipulagi SSV.

#### 4. Útkomuspá fyrir rekstur SSV árið 2015

Framlögð útkomuspá fyrir rekstur SSV árið 2015. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir 1.632.270 kr. rekstrarafgangi af almennum rekstri.

#### 5. Fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2016

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 ásamt greinargerð. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir hækkun á árgjaldi sveitarfélaganna til starfsemi SSV. Grunn gjald hækki úr 500.000 í 520.000 eða um 4%. Fast gjald pr. íbúa hækki úr 1580 kr. í 1620 kr. eða um 2,5%. Áætlað er að afgangur frá rekstri SSV á árinu 2016 verði 158.000 kr. Framlögð tillaga var samþykkt af stjórn og vísað til haustþings sem fer fram 7. október n.k. Framkvæmdastjóri fór yfir viðauka nr. I við fjárhagsáætlun sem er Sóknaráætlun 2016. Áætlun gerir ráð fyrir tekjum upp á 88,2 m.kr. og gjöldin verði hið sama. Í tillöguninni er gert ráð fyrir að framlag sveitarfélaganna til Sóknaráætlunar Vesturlands verði óbreytt eða samtals 11.600.000 kr. sem gera 745 kr. per. íbúa. Áætlunin er sett fram með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga. Stjórn samþykkti tillögu að viðauka og vísar ákvörðun um framlag sveitarfélaga til sóknaráætlunar til haustþings SSV.

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir viðauka nr. II um almenningssamgöngur fyrir árið 2016. Rætt var um lækun þróunarframlags til Vesturlands en tilkynnt hefur verið að það muni lækka hjá landshlutasamtökunum í nágrenni höfðuborgarinnar en fyrirhugað er að það hækki hjá landshlutasamtökum sem eru fjær höfuðborginni. Framkvæmdastjóri fór jafnframt yfir að unnið er að stofnun félags utan um almenningssamgöngur og því er áætlun um rekstur þeirra aðeins lagður fram til kynningar á haustþinginu.

Eypór ræddi hvort ekki væri ástæða til að endurskoða greiðslur til Strætó bs. fyrir umsjón. Framkvæmdastjóri tók undir það að nú væri búið að koma kerfinu af stað og því ætti kostnaður að lækka. Því væri eðlilegt að endurskoða samninginn.

Bjarki vakti máls á því að áætlunin væri lögð fram með halla og það væri óásættanlegt að svo væri. Rætt um olúgjaldið og hvort leiðrétting vegna þess muni skila sér. Framkvæmdastjóri fór yfir samskipti við Vegagerðina og ríkið vegna þessa en reynt var að koma fjármunum inn á fjáráukalög fyrir ári síðan en tókst ekki. Á þingmannafundi þann 30. sept. sl. var farið yfir forsendubresti í almenningssamgöngum við þingmenn NV-kjördæmis.



**6. Starfsáætlun SSV fyrir árið 2016**

Lögð fram starfsáætlun fyrir SSV árið 2016.

Stjórnarmenn þökkðu ítarlega og góða framsetningu starfsáætlunar SSV fyrir komandi ár. Samþykkt.

**7. Starfsmannamál**

Rætt um starfsmannamál.

**8. Ályktanir á haustþingi**

Framlögð drög að ályktunum fyrir haustþing.

Framkvæmdastjóri fór yfir drögin sem voru samþykkt með smávægilegum breytingum.

**9. Haustþing 2015**

Lögð fram dagskrá haustþings sem fer fram 7. október n.k.

Rætt um framkvæmd haustþingsins, starfsmenn og fulltrúa sveitarfélaga í nefndum fundarins.

**10. Framlögð mál**

- a. Yfirlit yfir fundi og ráðstefnur sem framkvæmdastjóri hefur sótt.  
Lagt fram og fylgt úr hlaði af framkvæmdastjóra.
- b. Stofnun reikninga fyrir Uppbyggingasjóð Vesturlands í Arionbanka.  
Undirritað af stjórn.

Næsti fundur ráðgerður 18. nóvember n.k. í Skorradalshreppi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.

HBJ